



Luxembourg 9. ágúst 2024

## FRÉTTATILKYNNING 10/2024

### Dómur í máli E-11/23 *Låssenteret AS gegn Assa Abloy Opening Solutions Norway AS*

#### REGLUR UM SÖNNUNARFÆRSLU OG AÐGANGUR AÐ TRÚNAÐARUPPLÝSINGUM Í SAMKEPPNISMÁLUM

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá áfrýjunardómstóli Eidsivating (*Eidsivating lagmannsrett*) varðandi túlkun 54. gr. sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið og 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/943 frá 8. júní 2016 um verndun trúnaðarupplýsinga um sérþekkingu og viðskiptaupplýsinga (viðskiptaleyndarmál) gegn ólögmætri öflun, notkun og birtingu þeirra („tilskipunin“).

Í málinu sem er til meðferðar fyrir landsdómstólnum, krefst Låssenteret AS („Låssenteret“) aðgangs að sönnunargögnum í vörslu Assa Abloy Opening Solutions Norway AS („Assa Abloy“) í tengslum við þær fullyrðingar um að Assa Abloy hafi markaðsráðandi stöðu á viðkomandi markaði og hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að rifta ákveðnum samningum við Låssenteret án fullnægjandi tilefnis, og að Assa Abloy hafi síðar tekið þátt í að þvinga Låssenteret út af viðkomandi markaði.

Aðilar málsins eru sammála um að sönnunargögnin sem óskað er aðgangs að varði trúnaðarupplýsingar, en eru þó ósammála um hvort þær upplýsingar teljist viðskiptaleyndarmál í skilningi tilskipunarinnar. Samkvæmt beiðninni leikur vafi á því hvaða reglur EES-réttar gilda varðandi aðgang að sönnunargögnum í málum sem þessum. Þá sérstaklega í tengslum við efnislegt gildissvið landslögjafar sem innleiðir tilskipunina og þýðingu meginreglna EES-réttar almennt séð fyrir aðgang að sönnunargögnum í málum varðandi réttarúrræði einkaaðila vegna brota á samkeppnisreglum EES-sammingsins. Að þessu virtu, vísaði landsdómstóllinn sex spurningum til EFTA-dómstólsins.

EFTA-dómstóllinn taldi að efnislegt gildissvið tilskipunarinnar varðaði eingöngu ólögmæta öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmála og fæli ekki í sér reglur varðandi vernd trúnaðarupplýsinga í öðrum tegundum dómsmála. Þá taldi EFTA-dómstóllinn að tilskipunin kæmi ekki í veg fyrir að landsdómstóll gæti takmarkað aðgang að trúnaðarupplýsingum með þeim hætti að einstaklingar frá hvorum málsaðila hefðu ekki aðgang að sönnunargögnum sem teldust viðskiptaleyndarmál og lögð væru fram í málinu.

Jafnframt taldi EFTA-dómstóllinn að í 2. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar fælist ekki almenn meginregla EES-réttar þess efnis að landsdómstól sé ekki heimilt ekki takmarka aðgang að trúnaðarupplýsingum með þessum hætti. Samkvæmt meginreglunni um réttarfarslegt sjálfsforræði, sé það fyrir réttarkerfi hvers EES-ríkis að ákveða þær aðferðir og takmarkanir sem gilda um birtingu upplýsinga og aðgang að sönnunargögnum sem nauðsynleg eru til að tryggja réttarúrræði einkaaðila vegna brota á samkeppnisreglum EES-sammingsins. Hins vegar, krefjist meginreglan um skilvirkni þess að reglur um aðgang að sönnunargögnum feli í sér að landsdómstóllinn vegi og meti verndaða hagsmuni aðilanna í hverju máli fyrir sig.

Þá taldi EFTA-dómstóllinn að það hefði ekki þýðingu fyrir undanfarandi svör sín að trúnaðarupplýsingarnar, þ.m.t. viðskiptaleyndarmál, sem krafist væri aðgangs að væru viðkvæm gögn sem vörðuðu samkeppni gagnvart þeim aðila sem sæktist eftir aðgangi að upplýsingunum. EFTA-dómstóllinn taldi að í máli varðandi misnotkun á markaðsráðandi stöðu samkvæmt 54. gr. EES-samningsins, þyrfti landsdómstóllinn að veita og meta hagsmuni aðilanna áður en aðila, sem haldið væri fram að hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína, væri gert að veita aðgang að sönnunargögnum sem teldust viðskiptaleyndarmál. Slíkt væri nauðsynlegt til að tryggja skilvirkni EES-réttar.

Í svari sínu við lokaspurningu landsdómstólsins, taldi EFTA-dómstóllinn að sé tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/104/ESB frá 26. nóvember 2014 um tilteknar reglur sem gilda um skaðabótamál samkvæmt landslögum vegna brota á ákvæðum samkeppnislaga aðildarríkjanna og Evrópusambandsins, ekki tekin upp í EES-samninginn, sé ekki fyrir hendi skylda að EES-rétti til að túlka landsrétt í ljósi 5. gr. þeirrar tilskipunar.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int)

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.